Alþingi
Umhverfis- og samgöngunefnd
nefndasvid@althingi.is

Dalvíkurbyggð 20. desember 2023
Nr. erindis *202311138 MÁ*

**Varðar: Þingsályktun samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 mál 315.**

Neðangreint erindi var tekið fyrir á 364. fundi sveitarstjórnar Dalvíkurbyggðar þann 19. desember s.l.

Samgöngustefna SSNE

*Á 1090. fundi byggðaráðs þann 7. desember sl. var eftirfarandi bókað:*
*"Tekið fyrir erindi frá SSNE, dagsett þann 21. nóvember 2023, þar sem meðfylgjandi er lokaútgáfa Samgöngustefnu SSNE. Stefnan er aðgengileg á heimasíðu SSNE: https://www.ssne.is/static/files/Skyrslur/samgongustefnassne_lokaskjal.pdfNiðurstaða:Byggðaráð áréttar að Skíðadalsvegur ætti að vera nefndur í Samgöngustefnu SSNE og eins og Svarfaðardalsvegur ætti að fara inn á samgönguáætlun."*

*Til máls tók:*
*Freyr Antonsson, forseti sveitarstjórnar, sem leggur til að bætt verði við bókun byggðaráðs eftirfarandi:*

*"Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar fer fram á að framdalir, Skíðadalsvegur og Svarfaðardalsvegur verði komið í bundið slitlag og óskar eftir því við Alþingi, ráðherra og Vegagerðina að þeir verði hannaðir og komið í samgönguáætlun."*

*Fleiri tóku ekki til máls.*

*a) Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með 7 atkvæðum að taka undir áréttingu byggðaráðs um að Skíðadalsvegur ætti að vera nefndur í Samgöngustefnu SSNE eins og Svarfaðardalsvegur. b)Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með 7 atkvæðum ofangreinda tillögu forseta sveitarstjórnar um viðbót við bókun.*

Ofangreind afgreiðsla sveitarstjórnar Dalvíkurbyggðar tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
f.h. sveitarstjórnar Dalvíkurbyggðar

________________________
Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir
Sveitarstjóri Dalvíkurbyggðar

Rafræn skilríki

Undirritað af: Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir

Kennitala:

Tími: 21.12.2023 13:07

Undirrita skjal Ãºr OneCRM

Undirritað með OneSign